

FRÉTTATILKYNNING

9. nóvember 1999

Á fundi samkeppnisráðs, þann 8. nóvember sl., voru eftirtalin mál afgreidd:

Ákvörðun nr. 27/1999

Samningsbundið bann við kjúklingaframleiðslu í eldishúsum tveggja kjúklingaframleiðenda

Samkeppnisráð fellir úr gildi bann í samningum Félags kjúklingabænda við tvo kjúklingaframleiðendur um að þeir megi ekki rækta kjúklinga í tilteknum framleiðsluhúsum sínum í sjö ár frá undirritun samninganna

Að mati samkeppnisráðs felur bannið í sér verulegar takmarkanir á samkeppni á viðkomandi markaði án þess að fyrir því hafi verið færð nægjanleg rök. Af hálfu Félags kjúklingabænda hefur bannið verið rökstutt með þeim hætti að með því væri unnið gegn hættu á salmonellasýkinu í kjúklingum en vandamál af því tagi hefðu verið þrálát á umræddum búum. Hins vegar hafa ekki verið færð rök fyrir því að bannið þurfi að gilda svo lengi sem raun ber vitni. Í málinu liggur fyrir álitserð dýralæknis alifuglasjúkdóma þar sem fram kemur að frá faglegu sjónarmiði sé hvorki eðlilegt né nauðsynlegt að loka framleiðsluhúsum í kjúklingarækt í sjö ár til að útrýma salmonellamengun. Með vísan til þessa og með tilliti til þess að framangreindar aðgerðir Félags kjúklingabænda eru skaðlegar samkeppni og andstæðar 10., sbr. 12. gr. og 17. gr. samkeppnislaga, fellir samkeppnisráð framangreind samningsákvæði úr gildi.

Ákvörðun nr. 28/1999

Erindi Samtaka iðnaðarins um samkeppnisstöðu hugbúnaðarfyrirtækja gagnvart Reiknistofu bankanna

Samkeppnisráð telur ekki ástæðu til afskipta ráðsins í tilefni erindisins

Samtök iðnaðarins óskuðu þess að samkeppnisyfirvöld mætu hvort það skaði samkeppni á hugbúnaðarmarkaðnum að Reiknistofa bankanna greiðir ekki virðisaukaskatt af starfsemi sinni. Ennfremur kröfðust Samtökin þess að beitt yrði ákvæði 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga sem kveður á um fjárhagslegan aðskilnað verndaðs hluta rekstrar fyrirtækis frá þeim hluta sem er í samkeppni við aðra.

Það er mat samkeppnisráðs að lög um virðisaukaskatt og reglur byggðar á þeim mismuni ekki almennum hugbúnaðarfyrirtækjum samkeppnislega í samanburði við Reiknistofu bankanna. Þá hefur verið upplýst að skattyfirvöld hafi skattskil Reiknistofunnar til athugunar. Af þeirri ástæðu er ekki ferkari þörf á umfjöllun ráðsins um þennan hluta erindis Samtaka iðnaðarins.

Rekstur Reiknistofu bankanna uppfyllir ekki skilyrði fyrir því að beita ákvæði samkeppnislaga um fjárhagslegan aðskilnað þar eð reksturinn hvorki nýtur opinberrar verndar né er rekin í samkeppni við aðra.

Ákvörðun nr. 29/1999

Kvörtun vegna útboðs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á skólaakstri fyrir fötluð börn

Útboðið hafði skaðleg áhrif á samkeppni og var ekki í samræmi við góða viðskiptahætti

Kvartað var til samkeppnisyfirvalda vegna umrædds útboðs sem fram fór vorið 1998. Niðurstaða samkeppnisráðs er sú að forsendur útboðsins hafi ekki verið raunhæfar þannig að ekki sé unnt að veita þá þjónustu sem boðin var út á grundvelli útboðslýsingar. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafi með óraunhæfum útboðsskilmálum raskað jafnræði tilboðsgjafa og þar með útilokað keppinauta frá markaðnum. Það er mat samkeppnisráðs að Samtökin hafi með því haft skaðleg áhrif á samkeppni en það brjóti í bága við 17. gr. samkeppnislaga. Ennfremur segir í ákvörðun samkeppnisráðs að ófullnægjandi útboðslýsing Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu séu viðskiptahættir sem fari gegn 20. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðun nr. 30/1999

Kvörtun Máls og menningar hf. vegna Landmælinga Íslands

Samkeppnisráð telur ekki efni til íhlutunar vegna erindisins framkvæmi Landmælingar Íslands fjárhagslegan aðskilnað í rekstri stofnunarinnar á þann hátt sem hún hyggst gera og samkeppnislög gera ráð fyrir.

Mál og menning kvartaði yfir samkeppnisaðstöðu fyrirtækisins gagnvart Landmælingum Íslands og yfir gjaldskrá stofnunarinnar fyrir útgáfu og birtingu gagna sem eru í vörslu hennar. Í gögnum málsins kemur fram að Landmælingarnar hafi tekið um það ákvörðun að þeir þættir í starfi stofnunarinnar sem eru í samkeppni verði skildir frá öðrum rekstri í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Þess vegna er ekki tilefni fyrir samkeppniráð að vera með fyrirmæli um þetta atriði. Það er einnig mat samkeppnisráðs að samkeppnisrekstur Landmælinga Íslands skuli nú þegar greiða öll sömu gjöld og keppinautar stofnunarinnar gera fyrir notkun á gögnum í vörslu hennar. Gjöld sem greidd eru á grundvelli gjaldskrár Landmælinga Íslands eigi ekki að valda samkeppnislegri mismunun og fari því ekki gegn samkeppnislögum.

Ákvörðun nr. 31/1999

Auglýsingar Heildarnæringar ehf. „Naten er nóg!”

Samkeppnisráð bannaði Heildarnæringu ehf. að nota fullyrðinguna „Naten er nóg!”

Samkeppnisráð úrskurðaði í júlí sl. að „Naten er nóg!” fari gegn ákvæðum samkeppnislaga. Þrátt fyrir það hefur Heildarnæring haldið áfram notkun fullyrðingarinnar í auglýsingum á fæðubótarefninu Naten. Samkeppnisráð telur að þar sem ekkert hafi komið fram um að Naten í hvaða formi sem er sé nóg, sé nauðsynlegt að banna fyrirtækinu notkun á „Naten er nóg!”.

Álit nr. 10/1999

Kvörtun Almenna Ökuskólans ehf. yfir reglum um niðurfellingu á vörugjöldum af bifreiðum til leiguaksturs o.fl.

Því álit er beint til fjármálaráðherra að reglugerð um skilyrði fyrir lækkun á vörugjöldum af leigubifreiðum geti í vissum tilvikum skapað samkeppnislega mismunun milli aðila sem starfa á þeim markaði sem er kennsla til ökuréttinda.